

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um rannsóknir
á loftslagsbreytingum við Norður-Atlantshaf.

Frá Katrínu Jakobsdóttur.

1. Hefur verið gerð framkvæmdaáætlun um átak í loftslagsrannsóknum við Norður-Atlantshaf í samræmi við þingsályktun þess efnis nr. 8/132, sem samþykkt var á Alþingi 2. júní 2006?
2. Hefur verið unnið að rannsóknum á loftslagsbreytingum í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar þingsályktunar? Ef svo er, í hverju hafa þær rannsóknir falist, hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra og þá hvar? Ef svo er ekki, hvaða skýringar eru á því?

Skriflegt svar óskast.